



**Fundargerð.**  
**Stjórnarfundur nr. 64.**

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík 17. mars 2015 kl: 17:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðsson. Einnig sat fundinn Fannar Viggósson.

**Dagskrá**

1. Skoðunarferð um urðunnarstaðinn
2. Starfsmannamál
3. Önnur mál.

**1. Skoðunarferð um urðunnarstaðinn.**

Farið var í urðunnarhólfíð og aðstæður skoðaðar. Ljóst að bæði hólfíð fyrir sláturúrgang og hefbundið sorp fyllast hratt. Rætt um stækkunarmöguleika hólfanna og lausnir á þeim vandamálum sem uppi eru um meðferð og frágang á sorpinu.

**2. Starfsmannamál**


Farið yfir ýmis málefni tengd vinnu á staðnum en bæði sorpmagn og umfang rekstar hefur aukist jafnt og þétt frá stofnun staðarins. Með auknu umfangi hefur aukist vinnuþrófin á staðnum með tilheyrandi vinnuálagi á þá sem þar vinna í dag. Gera þarf breytingar á starfsmannahaldi og opnunartíma staðarins til að ná fram meiri hagræðingu í rekstri.


Ákveðið að funda með forsvarsmönnum þeirra fyrirtækja sem flytja meirhlutann af sorpmanginu á staðinn og ræða breytingar á opnunartíma. Jafnframt ákveðið að auglýsa eftir nýjum starfsmanni sem myndi þá einnig taka að sér stöðu yfirmanns á staðnum en Fannar hefur óskað eftir launalauslu leyfi í fjórar vikur samhliða uppsöfnuðu orlofi. Gert er ráð fyrir að framvegis verði 3 fastráðnir starfsmenn á staðnum.

**3. Önnur mál**

Enginn

Fundi slitið kl. 19:30

  
Magnús B. Jónsson

  
Einar E. Einarsson

  
Jón Sigurðsson